

Samhentir Kassagerð hf.  
Suðurhrauni 4a  
210 Garðabæ

Reykjavík, 13. september 2024  
UST202404-042/K.S.G.  
07.07.02

## **Niðurstaða eftirlits - Söluskrár fyrir notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni - Kröfur um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dagsett þann 5.4.2024 þar sem kallað var eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2023, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort fyrirtækið uppfylli skyldur sínar um að afhenda aðeins notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til handhafa gilds notendaleyfis fyrir umræddar vörur og halda skrá yfir sölu sbr. efnalög nr. 61/2013 og reglugerð nr. 677/2021.

Fyrirtækið skilaði ófullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar. Af skráðum kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2023 reyndust Samhentir Kassagerð hf. ekki hafa skoðað hvort 18 viðskiptavinir væru með notendaleyfi í gildi þegar kaup fóru fram. Nokkrir af þessum 18 viðskiptavinum fengu oftast en einu sinni afhentar notendaleyfisskyldar vörur á árinu.

Frá árinu 2018 hefur ítrekað komið í ljós að fyrirtækið uppfyllir ekki ofangreindar skyldur sínar. Á árinu 2018 gerði Umhverfisstofnun kröfu um úrbætur vegna eftirlits með söluskrám ársins 2017 fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni þar sem farið var fram á að Samhentir Kassagerð hf. skyldu útbúa verklagsreglur um sölu og afhendingu notendaleyfisskyldra vara, til þess að tryggja yrði að starfsmenn fyrirtækisins myndu eingöngu afhenda notendaleyfisskyldar vörur til einstaklinga sem hafa notendaleyfi í gildi. Fyrirtækið skilaði inn til stofnunarinnar verklagsreglum árið 2018 sem voru samþykktar af stofnuninni. Síðan þá hefur ítrekað komið í ljós í eftirliti stofnunarinnar með söluskrám fyrir plöntuverndarvörur og útrýmingarefni hjá fyrirtækinu að það uppfyllir ekki skyldur sínar hvað sölu varðar. Í eftirliti stofnunarinnar vegna sölu ársins 2021 reyndust níu viðskiptavinir ekki hafa verið með notendaleyfi í gildi við kaupin og í eftirliti 2023 vegna sölu ársins 2022 voru 12 viðskiptavinir án notendaleyfis í gildi þegar sala fór fram.

**Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 2.10.2024 til að senda stofnuninni:**

- **Uppfærðar verklagsreglur fyrirtækisins vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum. Meðal annars þarf að uppfæra**

reglugerðartilvísanir í verklagsreglunum frá 2018 þar sem reglugerð nr. 980/2015 var felld brott með reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna. Í verklagsreglunum skal enn fremur koma fram með hvaða hætti fyrirtækið hyggst tryggja að fullnægjandi gögnum um söluskrár sé ávallt skilað til Umhverfisstofnunar á því formi sem stofnunin tilgreinir sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

- Skriflega staðfestingu á að uppfærðar og samþykktar verklagsreglur hafi verið kynntar fyrir starfsfólki sem fer með sölu og afhendingu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum hjá fyrirtækinu.

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202404-042.**

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. hér með frest til 2.10.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 2.10.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávik sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,  
*sérfræðingur*

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla